

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/944

2024/EES/11/76

frá 17. janúar 2023

um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 að því er varðar tiltekna kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með hlutabréfagerninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 4. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.), 7. gr. (þriðju undirgrein 2. mgr.), 14. gr. (þriðju undirgrein 7. mgr.), 20. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 22. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.) og 23. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem fékkst með beitingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ⁽²⁾, sanngreiningar á ósamræmdri beitingu ákvæða eftir því hvort viðskipti séu „ekki verðmyndandi“ og að teknu tilliti til breytinga í viðskiptaháttum vegna tæknipróunar og aðlögunar á hegðun markaðsaðila, sem gerir kleift að birta upplýsingar með styttri fresti, er nauðsynlegt að breyta tilteknum ákvæðum þeirrar framseldu reglugerðar.
- 2) Aðilar undir eftirliti hafa túlkað með ólíkum hætti hugtakið um ekki verðmyndandi viðskipti, sem skiptir máli fyrir beitingu á undanþágunni frá umsömdum viðskiptum, skyldunni um hlutabréfaviðskipti, sem og undanþágunni frá kröfum um gagnsæi eftir tvíhliða viðskipti, sem hefur leitt til ósamræmis í birtingu upplýsinga um gagnsæi eftir viðskipti. Til að bæta gagnsæi, gæði gagna og endanlega að auðvelda gagnasöfnun er nauðsynlegt að einfalda og skýra það fyrirkomulag skýrslugjafar sem gildir um hlutabréfaviðskipti. Til að koma í veg fyrir ólíka túlkun ætti að samræma ýmis ákvæði sem byggjast á hugtakinu um ekki verðmyndandi viðskipti í bæði framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ⁽³⁾ sem fjallar um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda. Ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 fjalla um öll viðskipti sem á að undanskilja frá kröfu um skýrslugjöf og því ætti að fjarlægja aðskildu viðskiptin í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-saminginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtið. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 387).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

- 3) Að samræma hugtakið um ekki verðmyndandi viðskipti og sama hugtak í framseldri reglugerð (ESB) 2017/590 gerir skilgreininguna á „staðgönguviðskiptum“ (e. *give-up transaction* eða *give-in transaction*) óþarfa þar sem sú skilgreining var eingöngu notuð í ákvæðum sem fjölluðu um það hugtak. Enn fremur er skilgreiningin á „fjármögnunarviðskiptum með verðbréf“ ekki notuð í þeirri framseldu reglugerð. Því ætti að fella þessar skilgreiningar brott.
- 4) Þrátt fyrir að gagnsæi fyrir viðskipti með hlutabréf og gerninga sem líkjast hlutabréfum hafi aukist vegna beitingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 er gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma ennþá lítið fyrir kauphallarsjóði. Þetta er afleiðing þess að umtalsvert hlutfall viðskipta með kauphallarsjóði, bæði hvað varðar fjölda og magn viðskipta, nýtur þegar ávinnings af undanþágu, einkum undanþágunni vegna umfangsmikilla viðskipta eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Markmiðið með þeirri reglugerð um að auka gagnsæi á markaðnum með kauphallarsjóði hafa því ekki náðst að fullu. Til að auka gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma með kauphallarsjóði er því nauðsynlegt að hækka viðmiðunarmörk fyrir gagnsæi vegna umfangsmikilla viðskipta sem gilda um kauphallarsjóði. Hækkun á viðmiðunarmörkunum mun tryggja að fleiri viðskipti með kauphallarsjóði falli undir kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma en tryggir um leið fullnægjandi vörn gegn verðáhrifum vegna stórra tilboða.
- 5) Að sama skapi er gagnsæi eftir viðskipti enn lítið og hlutfall frestaðra birtinga á viðskiptum með kauphallarsjóði enn umtalsvert hærra en fyrir hlutabréf og aðra hlutabréfagerninga. Til að tryggja að fleiri viðskipti með kauphallarsjóði falli undir kröfu um gagnsæi í rauntíma, er nauðsynlegt að auka lágmarksstærð viðskipta með kauphallarsjóði sem eiga rétt á 60 mínútna frestun. Þessi hækkun á viðmiðunarmörkunum endurspeglar rétt jafnvægi á milli þess að auka gagnsæi í rauntíma og þess að tryggja fullnægjandi vernd gagnvart hugsanlegum neikvæðum afleiðingum af birtingu stórra tilboða.
- 6) Markaðsaðilar hafa túlkað gagnsæiskröfur fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi á ólíkan hátt, sem hefur leitt til ósamræmis í gagnsæi fyrir viðskipti sem rekstraraðilar slíkra kerfa hafa birt. Blönduð kerfi eru kerfi sem sameina tvö eða fleiri viðskiptakerfi. Til að tryggja að þessir rekstraraðilar birti viðeigandi upplýsingar um gagnsæi fyrir viðskipti á samræmdan hátt í öllu Sambandinu, ætti að innleiða kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tryggir að kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti séu samræmdar við kröfur hinna einstöku kerfa sem blandaða kerfið samanstendur af.
- 7) Tækni- og markaðspróun, eins og aukin notkun á kerfum með styttri biðtíma, gerir markaðsaðilum kleift að veita upplýsingar um viðskipti fyrr í tíma. Að teknu tilliti til þessa er möguleikinn á að birta frestaðar upplýsingar í kjölfar viðskipta eigi síðar en á hádegi næsta viðskiptadag, fyrir viðskipti sem eru framkvæmd innan við 2 klukkustundum fyrir lok viðskiptadags, óþarflega langur. Til að tryggja tímanlega birtingu upplýsinga í kjölfar viðskipta er því nauðsynlegt að stytta þetta tímabil í eigi síðar en klukkan 9 f.h. að staðartíma næsta viðskiptadag.
- 8) Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og verðbréfafyrirtæki túlka kröfur um opinbera birtingu upplýsinga um gagnsæi eftir viðskipti, og upplýsinga sem ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum að því er varðar útreikning á gagnsæi, ekki með samræmdum hætti. Þar af leiðandi eru slíkar upplýsingar ófullkomnar, ónákvæmar eða ósamkvæmar. Þetta grefur undan nothæfi slíkra upplýsinga og gæðum og nákvæmni gagnsæisútreikninga á grundvelli framlagðra gagna. Til að stuðla að samræmdri beitingu á kröfum um gagnsæi eftir viðskipti í öllu Sambandinu er því nauðsynlegt að tilgreina efni gagnabeidnanna frekar, einkum upplýsingarnar sem viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ber að veita þegar þau tilkynna um tilvísunargögn og megindleg gögn til Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda.
- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 til samræmis við það.

- 10) Til að gera viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og verðbréfafyrirtækjum kleift að gera nauðsynlegar breytingar á kerfum sínum, ættu tiltekna breytingar sem innleiddar eru með þessari reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024. Til að tryggja réttaröryggi og samfellu í viðskiptum sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024 en eru birt eða þeim breytt eftir þann dag ættu ákvæði 2., 6. og 13. gr. og I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, eins og eru í gildi þann 31. desember 2023, að gilda áfram um þau viðskipti.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁴⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. gr. falla 2. og 3. liður brott.
- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Ákvæði d- til i-liðar falla brott.
 - b) Eftirfarandi j-liður bætist við:

„j) viðskiptin teljast ekki viðskipti að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 (*).“
- 3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Ákvæði d- til i-liðar falla brott.
 - b) Eftirfarandi k-liður bætist við:

„k) viðskiptin teljast ekki viðskipti að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.“
- 4) Í stað 2. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Tilboð sem varðar kauphallarsjóð skal teljast umfangsmikið ef það er jafnstórt eða stærra en 3 000 000 evrur.“
- 5) Í 13. gr. falla b-, c- og d-liður brott.
- 6) Í stað b-liðar 3. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„b) eigi síðar en við opnun næsta viðskiptadags á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika að því er varðar viðskipti sem falla ekki undir a-lið.“

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

7) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota þær upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, fyrir tímabilið á milli fyrsta mánudags í apríl árið sem upplýsingarnar eru birtar og dagsins á undan fyrsta mánudegi í apríl næsta árs á eftir.“

b) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætast við:

„6. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld óska eftir upplýsingum í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita slíkar upplýsingar í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

7. Ef viðskiptastærðin, sem er ákvörðuð að því er varðar 7. gr. (1. og 2. mgr.), 8. gr. (a-lið 2. mgr.), 11. gr. (1. mgr.) og 15. gr. (1. mgr.), er gefin upp sem peningagildi og fjármálagerningurinn er ekki tilgreindur í evrum skal umreikna viðskiptastærðina yfir í gjaldmiðilinn sem fjármálagerningurinn er tilgreindur í með því að nota viðmiðunargengi evru og erlends gjaldeyris hjá Seðlabanka Evrópu frá 31. desember árið á undan.“

8) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

9) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

10) Texti III. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem IV. viðauki.

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587

Framseld reglugerð (ESB) 2017/587 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í 9. gr. kemur eftirfarandi:

„b) fyrirkomulagið sé í samræmi við tæknilegar ráðstafanir sem samsvara þeim sem tilgreindar eru fyrir viðurkennda birtingarþjónustu í 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571 og greiða fyrir sameiningu viðkomandi gagna og svipaðra gagna annars staðar frá,“

2) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Tilvísun til lögbærra yfirvalda

(Ákvæði 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Lögbært yfirvald yfir tilteknum fjármálagerningi sem ber ábyrgð á því að framkvæma útreikninga og tryggja að þær upplýsingar sem um getur í 4., 7., 11. og 17. gr. séu birtar opinberlega skal vera lögbært yfirvald þess markaðar sem best á við með tilliti til seljanleika sbr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og sem tilgreint er í 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.“

3. gr.

Umbreytingarákvæði

Ákvæði 2., 6. og 13. gr. og I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, eins og eru í gildi þann 31. desember 2023, skulu halda áfram að gilda um viðskipti sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 2., 3., 5. og 8. liðar 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/587 er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflu 1 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Lýsing á tegund viðskiptakerfa og tengdar upplýsingar sem birta skal opinberlega í samræmi við 3. gr.

Lína	Tegund viðskiptakerfis	Lýsing á viðskiptakerfi	Upplýsingar sem birta skal opinberlega
1	Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá	Kerfi sem notar tilboðaskrá og viðskiptaalgrím sem starfa án manlegrar íhlutunar til að para með samfelldum hætti sölutilboð og kauputilboð á grundvelli besta verðs.	Samanlagður fjöldi tilboða og hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóðir, skírteini og aðrir svipaðir fjármálagerningar sem liggja þar að baki, á hverju verði fyrir a.m.k. fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða.
2	Verðdrifið viðskiptakerfi	Kerfi þar sem viðskipti fara fram á grundvelli bindandi verðtilboða sem þátttakendum er veittur stöðugur aðgangur að, sem krefst þess að viðskiptavakar viðhaldi verðtilboðum í stærð þar sem gætt er jafnvægis milli þarfar aðila og þátttakenda til að eiga í viðskiptum af tiltekinni stærðargráðu og áhættunnar sem viðskiptavakinn tekur á sig.	Verð hagstæðasta kaup- og sölutilboðs hvers viðskiptavaka fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, ásamt magninu sem tengist þessu verði. Verðtilboð sem eru birt opinberlega skulu vera þau tilboð sem fela í sér bindandi skuldbindingu til að kaupa og selja fjármálagerninga og sem tilgreina verð og magn fjármálagerninga sem skráðir viðskiptavakar eru reiðubúnir að kaupa eða selja á. Við sérstök markaðsskilyrði er þó heimilt að leyfa leiðbeinandi verð eða verð aðeins annarrar hliðar viðskipta í takmarkaðan tíma.
3	Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi	Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglulegs uppboðs og viðskiptaalgríms sem starfar án manlegrar íhlutunar.	Verðið sem fellur best að viðskiptaalgrími uppboðsviðskiptakerfisins fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu og magnið sem væri mögulega framkvæmanlegt á því verði fyrir þátttakendur í því kerfi.

Lína	Tegund viðskiptakerfis	Lýsing á viðskiptakerfi	Upplýsingar sem birta skal opinberlega
4	Viðskiptakerfi með tilboðsbeiðnum	Kerfi þar sem eitt eða fleiri verðtilboð eru gefin vegna beiðni um tilboð sem lögð er fram af einum eða fleiri aðilum eða þátttakendum á viðskiptavettvangnum. Aðeins sá aðili eða þátttakandi sem leggur fram beiðnina getur framkvæmt viðskipti á grundvelli verðtilboðsins. Aðili eða þátttakandi sem leggur fram beiðni getur átt viðskipti með því að samþykkja eitt eða fleiri verðtilboð sem honum eru gerð samkvæmt beiðni.	Verðtilboðin og tengt magn frá aðila eða þátttakanda sem myndu leiða til viðskipta samkvæmt reglum kerfisins ef þau væru samþykkt. Öll verðtilboð sem lögð eru fram vegna beiðni um tilboð er heimilt að birta á sama tíma, en eigi síðar en þegar þau verða framkvæmanleg.
5	Blandað viðskiptakerfi	Kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri gerðir viðskiptakerfa sem um getur í línunum 1-4 í þessari töflu.	Fyrir blönduð kerfi, sem tengja saman ólík viðskiptakerfi á sama tíma, samsvara kröfum þeim kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um sérhverja tegund viðskiptakerfis sem myndar blandaða kerfið. Fyrir blönduð kerfi, sem tengja saman tvö eða fleiri viðskiptakerfi í röð, samsvara kröfum kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um viðkomandi viðskiptakerfi sem er starfrækt á tilteknum tímapunkti
6	Annað viðskiptakerfi	Hvers kyns annað viðskiptakerfi sem fellur ekki undir línur 1-5.	Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða eða verðtilboða og viðskiptaáhuga að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, einkum fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða og/eða tvíhliða tilboð hvers viðskiptavaka fyrir þann fjármálagerning, ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins gera það kleift.“

2) Í stað töflu 3 og 4 kemur eftirfarandi:

„Tafla 3

Listi yfir upplýsingar í þágu gagnsæis að viðskiptum loknum

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2
1	Viðskiptadagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd. Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574. Að því er varðar viðskipti sem ekki eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, dagsetning og tími þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar eins og tilgreint er í reitum 31, 34 og 44 í töflu 2 í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og auðkenniskóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgjafins tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda.	Skipulegur markaður Markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DATE_TIME_FORMAT}

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2
		Leiði viðskipti af tilboði sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar tilboðsins.		
2	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerning.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{ISIN}
3	Verð	Verð sem viðskipti fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Ef verðið liggur ekki fyrir en þess er beðið („PNDG“) eða á ekki við („NOAP“), skal ekki fylla þennan reit út.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/13} þegar verðið er gefið upp sem peningagildi ef um er að ræða hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum {DECIMAL-11/10} þegar verðið er gefið upp sem prósentu eða ávöxtun ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum
4	Verð vantar	Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“. Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	„PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir „NOAP“ ef verð á ekki við
5	Gjaldmiðill verðs	Helsta gjaldmiðilseining sem verð er gefið upp í (á við ef verð er gefið upp sem peningafjárhæð).	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{CURRENCYCODE_3}
6	Framsetningarform verðs	Upplýsingar um hvort verð er gefið upp sem peningagildi, í prósentum eða sem ávöxtun.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	„MONE“ — Peningagildi ef um er að ræða hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum „PERC“ — Hundradshluti

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2
				<p>ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum</p> <p>„YIEL“ — Ávöxtun</p> <p>ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum</p> <p>„BAPO“ — Grunnpunktar</p> <p>ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum</p>
7	Magn	Fjöldi eininga fjármálagernings. Nafnvirði eða peningalegt virði fjármálagernings.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	<p>{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga</p> <p>{DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði</p>
8	Viðskiptastaður	<p>Tilgreining vettvangs þar sem viðskipti voru framkvæmd.</p> <p>Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta fyrir viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi ESB. Ef markaðsauðkenniskóði markaðshluta er ekki til staðar skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.</p> <p>Nota skal kóðann „SINT“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ef viðskipti með viðkomandi fjármálagerning eru framkvæmd hjá innmiðlara.</p> <p>Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ fyrir fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, ef viðskipti með þann fjármálagerning fara hvorki fram á viðskiptavettvangi ESB né hjá innmiðlara. Ef viðskipti eru framkvæmd á skipulegum viðskiptaverkvangi utan ESB þarf einnig að fylla út reitinn „Viðskiptastaður í þriðja landi“, auk markaðsauðkenniskóðans „XOFF“.</p>	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	<p>{MIC} – viðskiptavettvangur ESB eða</p> <p>„SINT“ — innmiðlari</p> <p>“XOFF” — annað</p>

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2
9	Viðskiptastaður í þriðja landi	Tilgreining viðskiptavettvangs þriðja lands þar sem viðskipti voru framkvæmd. Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila. Ef viðskipti fara ekki fram á viðskiptavettvangi þriðja lands skal ekki fylla þennan reit út.	Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{MIC}
10	Birtingardagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptavettvangur eða viðurkennd birtingarþjónusta birti viðskipti opinberlega. Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgjöfs dags og tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DATE_TIME_FORMAT}
11	Birtingarvettvangur	Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavettvang eða viðurkennda birtingarþjónustu sem birtir viðskipti opinberlega.	Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	viðskiptavettvangur: {MIC} Viðurkennd birtingarþjónusta: ISO 10383 markaðsauðkenniskóði markaðshluta (4 stafir) ef hann er til staðar. Annars fjögurra stafa kóði eins og hann er birtur í listanum yfir veitendur gagnaskýrsluþjónustu á vefsetri Evrópsku verðbréfa- markaðseftirlitsstofnunarinnar.
12	Auðkenniskóði viðskipta	Alstafakóði sem viðskiptavettvangur (skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 (1)) og viðurkennd birtingarþjónusta úthluta og er notaður hvenær sem vísað er til viðkomandi viðskipta síðar. Auðkenniskóði viðskipta skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta og hvers viðskiptadags. Noti viðskiptavettvangurinn ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal auðkenniskóði viðskipta vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers markaðsauðkenniskóða rekstraraðila og hvers viðskiptadags.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{ALSTAFAKÓÐI-52}

#	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2
		Noti viðurkennd birtingarþjónusta ekki markaðsauðkenniskóða skal kóðinn vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur fjögurra stafa kóði sem er notaður til að auðkenna viðurkennda birtingarþjónustu á tilteknum viðskiptadegi. Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um.		

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193).

Tafla 4

Listi yfir flagganir í þágu gagnsæis eftir viðskipti

Flöggun	Heiti	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Lýsing
„BENC“	Flöggun vegna viðmiðunarviðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem framkvæmd eru með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímupunkt í samræmi við tiltekið viðmiðunargildi, s.s. magnvegið meðalverð eða tímavegið meðalverð.
„NPFT“	Flöggun vegna viðskipta sem eru ekki verðmyndandi	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Ekki verðmyndandi viðskipti eins og sett er fram í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.
„PORT“	Flöggun vegna viðskipta eignasafns	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti með fimm eða fleiri mismunandi fjármálagerninga þar sem sami viðskiptavinur á í þessum viðskiptum á sama tíma og þannig að um eina heild er að ræða gegn tilteknu viðmiðunarverði.
„CONT“	Flöggun vegna skilyrtra viðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru háð kaupum, sölu, stofnun eða innlausn afleiðusamnings eða annars fjármálagernings þar sem framkvæma á alla þætti viðskiptanna sem eina heild.
„ACTX“	Flöggun vegna víxlumboðsviðskipta	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti þar sem verðbréfafyrirtæki hefur leitt saman tilboð viðskiptavina sinna og kaup og sala fara fram sem ein viðskipti í sama magni og á sama verði.
„SDIV“	Flöggun vegna viðskipta í tengslum við sérstakan arð	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem fara annaðhvort fram á tímabilinu eftir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til kaupanda í stað seljanda eða fara fram á tímabilinu fyrir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til seljanda í stað kaupanda.
„LRGS“	Flöggun eftir viðskipti vegna umfangsmikilla viðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta	Viðskipti sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð og heimilt er að fresta birtingu á skv. 15. gr.

Flöggun	Heiti	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Lýsing
„RFPT“	Flöggun vegna viðskipta á grundvelli viðmiðunarverðs	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í kerfum sem starfa í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
„NLIQ“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta með auðseljanlega fjármálagerninga	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014.
„OILQ“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta með illseljanlega fjármálagerninga	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014.
„PRIC“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014 og eins og tilgreint er í 6. gr.
„ALGO“	Flöggun vegna algrimsviðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd vegna þess að verðbréfafyrirtæki á í algrimsviðskiptum eins og þau er skilgreind í 39. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
„SIZE“	Flöggun vegna viðskipta yfir staðlaðri markaðsstærð	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara þar sem stærð tilboðsins sem berst er yfir staðlaðri markaðsstærð eins og hún er ákvörðuð í samræmi við 11. gr.
„ILQD“	Flöggun vegna viðskipta með illseljanlega gerninga	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti með illseljanlega gerninga eins og þeir eru ákvarðaðir í samræmi við 1. og 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 ⁽¹⁾ , sem framkvæmd eru hjá innmiðlara.
„RPRI“	Flöggun vegna viðskipta með bættu verði	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara með bættu verði í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
„CANC“	Flöggun vegna afturköllunar	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Þegar áður birt viðskipti eru afturkölluð
„AMND“	Flöggun vegna breytingar	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Þegar áður birtum viðskiptum er breytt.
„DUPL“	Flöggun vegna afritaðra upplýsinga um viðskipti	Viðurkennd birtingarþjónusta	Þegar viðskipti eru tilkynnt fleiri en einni viðurkenndri birtingarþjónustu í samræmi við 1. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaihlutun og stöður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90).“

II. VIÐAUKI

Í stað töflu 5 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587 kemur eftirfarandi:

„Tafla 5

Viðmiðunarmörk um frestun birtingar og tafir fyrir kauphallarsjóði

Tilskilin lágmarksstærð viðskipta svo frestun birtingar sé heimil, í evrum	Tímasetning opinberrar birtingar eftir viðskipti
15 000 000	60 mínútur
50 000 000	Lok viðskiptadags ⁴

III. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Gögn sem skal veita til að ákvarða markað sem best á við með tilliti til seljanleika, meðaldagsveltu og meðalvirðis viðskipta

Tafla 1

Táknatafla

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. táknid sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.

Tafla 2

Upplýsingar sem skal veita til að ákvarða markað sem best á við með tilliti til seljanleika, meðaldagsveltu og meðalvirðis viðskipta (á grundvelli núverandi skýrslugjafarfyrirmæla)

Nr. reits	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1
1	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn	Skipulegur markaður Markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{ISIN}
2	Framkvæmda-dagsetning	Dagsetning þegar viðskipti eru framkvæmd.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DATEFORMAT}

Nr. reits	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1
3	Viðskiptastaður	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvang ESB eða innmiðlara, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila. Markaðsauðkenniskóðinn XOFF ef viðskipti eru framkvæmd af verðbréfafyrirtækjum sem eru ekki innmiðlarar og fara ekki fram á viðskiptavettvangi.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{MIC} – fyrir viðskiptavettvang eða innmiðlara eða {MIC}-XOFF“
4	Flöggun vegna gernings sem viðskipti hafa verið stöðvuð með	Vísbending um hvort viðskipti með gerning hafi verið stöðvuð allan viðskiptadaginn á viðkomandi viðskiptavettvangi á framkvæmdardegi. Sem afleiðing af því að viðskipti eru stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn skal setja gildið núll í reiti 5-10.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	TRUE - ef viðskipti voru stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn eða FALSE - ef viðskipti voru ekki stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn
5	Heildarfjöldi viðskipta	Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi (**).	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{INTEGER-18}
6	Heildarvelta	Heildarvelta sem er framkvæmd á framkvæmdardegi, gefin upp í evrum (*) (**).	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/5}
7	Framkvæmd viðskipti, að undanskildum öllum viðskiptum sem framkvæmd eru samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.	Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sama dag (**).	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{INTEGER-18}
8	Framkvæmd heildarvelta, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.	Framkvæmd heildarvelta á framkvæmdardegi, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sama dag (*) (**).	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/5}

Nr. reits	Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1
9	Heildarfjöldi viðskipta, að undanskildum þeim sem eru framkvæmd samkvæmt frestun birtingar vegna umfangsmikilla eftir viðskipta.	<p>Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum þeim viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágu vegna umfangsmikilla viðskipta (eftir viðskipta) (**).</p> <p>Að því er varðar hlutabréf og heimildarskírteini skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk fyrir tengt bil meðaldagsveltu í töflu 4 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p> <p>Að því er varðar skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 6 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p> <p>Að því er varðar kauphallarsjóði skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 5 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p>	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{INTEGER-18}
10	Framkvæmd heildarvelta, að undanskildum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt frestun birtingar vegna umfangsmikilla eftir viðskipta.	<p>Heildarmagn viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum þeim viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágu vegna umfangsmikilla viðskipta (eftir viðskipta) (*) (**).</p> <p>Að því er varðar hlutabréf og heimildarskírteini skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk fyrir tengt bil meðaldagsveltu í töflu 4 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p> <p>Að því er varðar skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 6 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p> <p>Að því er varðar kauphallarsjóði skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 5 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.</p>	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/5}

(*) Veltan skal reiknuð sem fjöldi gerninga sem ganga kaupum og sölu milli kaupenda og seljenda, margfaldað með einingaverði gerningsins sem er notaður í þessum tilteknu viðskiptum og skal gefin upp í evrum.

(**) Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum. Í öllum tilvikum verður að fylla reitinn út með gildi sem er hærra en eða jafnt og núll upp að 18 tölustöfum, þ.m.t. allt að 5 tugasetum.“